

Breytingartillögur

við frv. til l. um breyt. á ýmsum lagaákvæðum um skatta og gjöld.

Frá 1. minni hluta efnahags- og skattanefndar (PHB, TÞH).

1. Við 1. gr. bætist nýr málslíður, svohljóðandi: Við uppgjör fjármagnstekjuskatta í árslok skal leggja saman jákvæðar fjármagnstekjur og draga frá neikvæðar fjármagnstekjur og afskrifaðar eða sannanlega tapaðar fjármagnseignir.
2. Við 2. gr. bætist nýr málslíður, svohljóðandi: Dánarbú greiða ekki tekjuskatt.
3. Á eftir 2. gr. komi ný grein, svohljóðandi:
Eftirfarandi breytingar verða á 6. mgr. 18. gr. laganna:
 - a. Á eftir ártölunum „1990–1996“ í 1. másl. kemur: eða 2011 eða síðar.
 - b. Í stað upphæðarinnar „367.625“ í 2. másl. kemur: 500.000.
 - c. Í stað orðanna „á árinu 1997“ í 3. másl. kemur: á árunum 1997 til 2010.
 - d. Við bætist nýr málslíður, svohljóðandi: Sama gildir um neikvæðar fjármagnstekjur af gjaldeyris- eða verðtryggðum reikningum og aðrar fjármagnstekjur, sbr. 3. mgr. 66. gr.
4. 50. gr. orðist svo:
Orðin „á tímabilinu“ og orðin „til og með 31. desember 2010“ í ákvæðum til bráðabirgða II, III, V og VI í lögunum falla brott.
5. Við bætist tveir nýir kaflar, sem verða XVI. kafli, **Breyting á lögum nr. 1/1997, um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins**, með einni grein, 59. gr., og XVII. kafli, **Breyting á lögum nr. 2/1997, um Lífeyrissjóð hjúkrunarfræðinga**, með einni grein, 60. gr., er orðist svo:
 - a. (59. gr.)
Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:
Þrátt fyrir ákvæði laga þessara er óheimilt að greiða iðgjöld í B-deild lífeyrissjóðsins eftir 1. janúar 2012.
 - b. (60. gr.)
Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:
Þrátt fyrir ákvæði laga þessara er óheimilt að greiða iðgjöld í Lífeyrissjóð hjúkrunarfræðinga eftir 1. janúar 2012.